

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ skólaár

LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS: NÝSKÖPUN OG VÖRUHÖNNUN



Þróunarverkefni unnið í:

Garðaskóla

Tengiliður vegna verkefnis:

Heiða Lind Sigurðardóttir, kennari, heidalind@gardaskoli.is

Verkefnið í hnotskurn:

Verkefnið var samvinnuverkefni með Frumbjörgu, Frumkvöðlasetri Sjálfsbjargar og kennt í áfanganum Nýsköpun og vöruhönnun í Garðaskóla, Garðabæ. Verkefninu var ætlað, auk annars, að hjálpa nemendum að þjálfa hönnunarhugsun (Design thinking) með því að setja sig í spor hreyfihamlaðra og finna lausnir á áskorunum því tengdu.



Markmið verkefnisins:

Auka nýsköpun í skólastarfi. Efla skapandi hugsun, samvinnu og útsjónarsemi nemenda. Stór hluti verkefnisins snýst um samkennd og að nemendur geti sett sig í spor annarra, sérstaklega þeirra sem eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir, fundið áskoranir daglegs lífs sem þessi hópur fólks glímir við og í framhaldi mögulegar lausnir við þeim vanda.

Ábyrgðarskóli verkefnis:

Garðaskóli

Verkefnisstjóri:

Heiða Lind Sigurðardóttir

Þáttakendur:

Heiða Lind Sigurðardóttir kennari og verkefnastjóri, nemendur úr 9. og 10. bekk Garðaskóla, Hafliði Ásgeirsson ráðgjafi hjá Frumbjörgu.

Yfirlit um framkvæmd verkefnisins:

Verkefni annarinnar voru fjölbreytt, bæði örverkefni sem reyndu á framkvæmd og hugvit sem og lengri verkefni og kynningar. Farið var á hönnunarsafnið og í hönnunarsmiðju, nemendur prófuðu á eigin skinni að þurfa komast á milli staða í hjólastól og tóku viðtal við mann sem er fótalaus og háður gervifótum og hjólastól. Áhersla var lögð á samstarf og hópavinnu.



Í byrjun var aðaláhersla á hópefli og að þjálfa hönnunarhugsun með viðtölum og módeli hönnunarhugsunar (Design thinking). Auk þess voru tekin fyrir örverkefni til að efla hugmyndaflæði og samvinnu. Nemendur gerðu kynningar í hópum yfir önnina, m.a. um plast út frá sögulegu, umhverfislegu og hönnunarlegu sjónarhorni. Þá kynntu þau sér íþróttir fatlaðra og deildu niðurstöðunni með hópnum. Aðgengi fatlaðra var skoðað og gerðu nemendur módel út frá hugmyndum sínum, m.a. í privíddarparentara skólans. Kennari fékk lánaða hjólastóla hjá Sjálfsbjörg sem þeir notuðu í einn skóladag, bæði saman og í sitt hvoru lagi.

Farið var í Hönnunarsafn Íslands þar sem rætt var við starfandi hönnuði og fylgst með þeim að verki. Einnig tóku nemendur þátt í smiðju safnsins út frá sýningu um hönnuðinn og arkitektinn Einar Þorstein.



Í lok annarinnar fengum við heimsókn frá Gunnari Má Óskarssyni sem bundinn er við hjólastól en nýtir sér einnig gervifætur þegar hann getur. Voru nemendur búnir að undirbúa heimsóknina með rannsóknum og gerð spurninga. Því næst var unnið úr heimsókninni og helstu áskoranir Gunnars teknar saman og mögulegar lausnir fundnar. Nemendurnir æfðust í hönnunarhugsun og að taka viðtöl, gera þarfagreiningu og finna lausnir við áskorunum.

Nemendahópurinn þéttist yfir önnina, vann markvissara saman og styrktist í að kynna verkefni fyrir hópinn.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Í upphafi átti Hafliði að bera ábyrgð á gerð kennsluáætlunar og útvega námsefnið en ekkert námsefni er til í samræmi við námskrá grunnskóla og þetta viðfangsefni. Það kom í ljós að aðlaga þurfti efnið að hópnum, námskrá og fyrri reynslu kennara. Því tók Heiða Lind við gerð námsefnis en hélt áherslunni á samkennd og vinnu með fötluðum og hreyfihömluðum.

Mat á verkefninu:

Verkefnið gekk vel á heildina lítið. Gefa þurfti meiri tíma en áætlað hafði verið í að vinna með samkennd og að taka viðtöl. Hópurinn þekktist lítið fyrir og því áttu nemendur erfitt með að taka viðtöl eftir módeli hönnunarhugsunar. Áhersla var þá lögð á hópefli og samvinnu þar til hópnum leið vel og nemendur þekktust betur. Þetta traust skipti miklu máli fyrir samvinnu og kynningar síðar meir, sér í lagi þegar kom að því að prófa hjólastólana þar sem nemendur voru feimnir við viðbrögð annarra. Kennari sá mikla framför hvað varðar samkennd nemenda og margar snjallar hugmyndir komu fram. Nemendur efdust í sjálfstæði og að setja fram hugmyndir sínar yfir önnina og það hefði verið enn betra að hafa áfangann tvær annir enda hópurinn orðinn þéttur og æfðari í vinnubrögðum.



Ráðstöfun styrks


Styrkur var nýttur til að launa ráðgjafa og verkefnastjóra.

Afrakstur og/eða ávinningur fyrir skólastarf

Ávinningurinn er margþættur og snýr m.a. að aukinni samkennd og lýðræði innan skólans en einnig að verkferlum, aðferðafræði og tækni. Með hönnunarhugsun læra nemendur að setja sig í spor annarra, vinna saman að lausnum og nýta skapandi hugsun til lausna. Tækni eins og í notkun tölvu og þrívíddarprentara eykur tæknilæsi og gerir nemendur betur í stakk búna til að skilja og sýna öðrum hönnun sína og undirbúa sig fyrir atvinnulífið síðar meir. Það kom í ljós að hjólastólaverkefnið hafði áhrif langt út fyrir hópinn þar sem aðrir nemendur skólans sýndu verkefninu áhuga og vildu aðstoða nemendur áfangans við að komast leiðar sinnar um skólann. Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá Mennta-og menningarráðuneytisins eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Það má segja að allir þessir þættir hafi verið efldir með verkefninu.

Kynning á verkefninu

Lokaskýrsla verkefnisins er birt á vef Garðaskóla og með öðrum skýrslum á vef Garðabæjar. Verkefnið verður kynnt á Menntadegi Garðabæjar haustið 2019 og stefnt er að því að birta frásögn í Garðapóstinum.



Desember 2018, Heiða Lind Sigurðardóttir, verkefnastjóri og kennari